

**Ed.**

**427. Frumvarp til laga**

**[184. mál]**

um Framkvæmdabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

**1. gr.**

Stofna skal banka, er nefnist Framkvæmdabanki Íslands. Á ensku er heiti bankans Iceland Bank of Development. Bankinn er sjálfstæð stofnun í eign ríkisins, en lýtur sérstakari stjórn samkvæmt 13. gr. laga þessara. Heimili og varnarþing bankans er í Reykjavík.

**2. gr.**

Hlutverk bankans er að efla atvinnulíf og velmegun íslensku þjóðarinnar með því að beita sér fyrir arðvænlegum framkvæmdum, sem gagnlegar eru þjóðarbúinu og styðja þær. Skal starfsemi bankans í meginatriðum miðuð við það að stuðla að auknum afköstum í framleiðslu og dreifingu.

Til þess að gera Framkvæmdabankanum kleift að leysa af hendi þetta hlutverk sitt, skal honum lagt til fé það, sem um getur í 3. og 4. grein.

**3. gr.**

Ríkissjóður leggur Framkvæmdabankanum til stofnfé, samtals að upphæð 101 150 000 króna, sem hér segir:

**1. Skuldabréf fyrir lánunum úr Mótvirðissjóði:**

Tvö skuldabréf Sogsvirkjunarinnar, dags. 18. febrúar 1952, að upphæð samtals 54 000 000 króna.

Tvö skuldabréf Laxárvirkjunarinnar, dags. 29. febrúar 1952, að upphæð samtals 21 000 000 króna.

Skuldabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f, dags. 9. apríl 1952, að upphæð 20 000 000 króna.

**2. Eftirtalin hlutabréf:**

Í Áburðarverksmiðjunni h/f 6 000 000 króna.

Í Raftækjaverksmiðjunni h/f 50 000 króna.

Í Eimskipafélagi Íslands h/f 100 000 króna.

Hlutabréf þessi má bankinn hvorki selja né veðsetja án samþykkis Alþingis.

Ríkissjóður leggur bankanum enn fremur til stofnfé til viðbótar, eftir því sem Alþingi kann að ákveða hverju sinni.

**4. gr.**

Framkvæmdabankanum skal falin varzla Mótvirðissjóðs, og skulu um ráðstöfun hans gilda eftirgreind ákvæði:

Af fé Mótvirðissjóðs skal Framkvæmdabankinn geyma 50 milljónir króna á sérstökum reikningi í seðlabankanum (skuldagreiðslureikningi), ef til kemur að því fé verði varið til greiðslu á skuldum ríkissjóðs samkvæmt heimild í lögum nr. 45/1951.

Fé það, sem er í Mótvirðissjóði, eða í hann kann að koma, annað en það, sem notað hefur verið eða notað verður hér eftir til kaupa á skuldabréfum Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og Áburðarverksmiðjunnar h/f eða til skuldagreiðslu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, skal bundið á sérreikningi í seðlabankanum. Framkvæmdabankinn skal þó flytja árlega á viðskiptareikning sinn hjá seðlabankanum hluta þessarar innstæðu. Skal sá hluti ákveðinn þannig, að í fyrsta sinn skal Framkvæmdabankinn flytja  $\frac{1}{25}$  þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1952, eftir að dregin hefur verið frá innstæðunni á sérreikningnum sú upphæð, sem ríkisstjórnin áætlað að notuð verði síðar til kaupa á skuldabréfum virkjananna tveggja og Áburðarverksmiðjunnar h/f. Í ársbyrjun 1954 skal með sama hætti fluttur  $\frac{1}{24}$  þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1953, í ársbyrjun 1955  $\frac{1}{23}$  þeirrar upphæðar, sem er á sérreikningnum í árslok 1954, o. s. frv. unz þessi innstæða er tæmd.

Frá og með 1. janúar 1953, skal seðlabankinn af hinu bundna innstæðufé greiða vexti eftir samningi, sem bankarnir gera með sér.

Vextir þeir, sem seðlabankinn greiðir af hinni bundnu innstæðu, svo og vextir og afborganir af lánum úr Mótvirðissjóði, skal fært á viðskiptareikning Framkvæmdabankans.

Innstæðu sína á viðskiptareikningnum má Framkvæmdabankinn nota til starfsemi sinnar samkvæmt 7. grein.

Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin í efnahagsreikningi Framkvæmdabankans.

#### 5. gr.

Tekjuafgang bankans skal leggja við höfuðstól eða í varasjóð samkvæmt ákvörðun bankaráðs, að fengnum tillögum bankastjóra.

Bankinn er undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitarfélaga.

#### 6. gr.

Handbært fé Framkvæmdabankans skal geymt í viðskiptareikningi í seðlabankanum. Óheimilt er Framkvæmdabankanum að taka lán hjá seðlabankanum.

#### 7. gr.

Hlutverk sitt leysir bankinn af hendi með því:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í fjárfestingarmálum.
2. Að veita lán til langs tíma með því að kaupa ný skuldabréf fyrirtækja, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og að dómi bankastjórnarinnar nægilega arðbær til þess að geta greitt af rekstrartekjum vexti og afborganir af skuldum sínum. Enn fremur að veita stofnlánadeildum annarra peningastofnana lán á sama hátt.
3. Að kaupa ný hlutabréf í fyrirtækjum, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og arðvænleg að dómi bankastjórnarinnar.
4. Að verzla með verðbréf þau, sem nefnd eru í 2. og 3. lið þessarar greinar.
5. Að gefa út og selja eigin skuldabréf.
6. Að efla sparifjáröfnun og verðbréfavíðskipti og stuðla að öðru leyti að þróun heilbrigðs markaðs innanlands fyrir lánsfé til langs tíma.
7. Að afla lánsfjár erlendis til framkvæmda, sem eru í samræmi við tilgang Framkvæmdabankans samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar, enda er Framkvæmdabankinn undanþeginn ákvæði 4. greinar laga nr. 105 21. desember 1945.
8. Að hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir, og veita þeim stuðning.
9. Að annast rannsóknir í sambandi við fjárfestingarþörf atvinnuveganna.
10. Að greiða fyrir gagnlegum nýjungum í framkvæmdum og atvinnurekstri.

8. gr.

Fé það úr Mótvirðissjóði, er bankinn fær til eignar samkvæmt 1. tölulið 3. gr., svo og fé það, er hann fær til ráðstöfunar samkvæmt 4. gr., skal bankinn lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún, jafnóðum og fé þetta verður bankanum handbært, ásamt vaxtatekjum af því, en að frádregnum hlutfallslegum kostnaði við rekstur bankans. Skulu skilmálar þessara lána vera hinir sömu og gilda á sama tíma um hliðstæðar lánveitingar Framkvæmdabankans.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar bankans innanlands.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans, með þeim skilmálum, er hann samþykkir, þó má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari grein, ekki vera hærri en 100 milljónir króna á hverjum tíma. Í þessu sambandi skal erlend skuld bankans jafnan reiknuð á því gengi, er var í gildi þegar lánsamningur var gerður, eða þegar stofnað var til skuldarinnar án formlegs lánsamnings.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til lána þeirra, er um getur í 11. grein.

10. gr.

Nú tekur bankinn fé að láni erlendis og lánar það innanlands, og skal þá svo um samið við lántakanda eða lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

11. gr.

Framkvæmdabankinn skal, ef fjármálaráðherra óskar þess, annast fyrir hönd ríkissjóðs innheimtu vaxta og afborgana af lánum, sem ríkið hefur veitt, og enn fremur sjá um greiðslu afborgana og vaxta af lánum, sem ríkissjóður hefur tekið í útlánaskyni. Ríkissjóður greiðir bankanum hæfilega þóknun fyrir þessi störf, og bætir honum hvert það tjón, sem hann kann að verða fyrir vegna þessara lána.

Ríkissjóður afhendir bankanum til vörzlu og innheimtu skuldabréf lántakenda fyrir lánum þeim, sem ríkið hefur veitt innanlands af eftirtöldum erlendum lánum:

1. Lán hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington, 1948, til síldarverksmiðja o. fl.
2. Lán hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington, 1949, til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar.
3. Lán hjá Hambros Bank Ltd., London, 1949, til togarakaupa.
4. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1951, til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar.
5. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1951, til landbúnaðar.
6. Lán hjá Alþjóðabankanum, 1952, til Áburðarverksmiðjunnar h/f.
7. Lán hjá Gagnkvæmu Öryggisstofnuninni í Washington, 1952, til Áburðarverksmiðjunnar h/f.

12. gr.

Bankinn starfar á almennum viðskiptagrundvelli. Vextir af þeim lánum, sem bankinn veitir, skulu fela í sér hæfilega áhættuþóknun til bankans.

Lántakendur skulu, um leið og lán er veitt, greiða lántökugjald, er nemur allt að 1% af lánsupphæð.

13. gr.

Stjórn bankans er í höndum bankaráðs og bankastjóra.

14. gr.

Í bankaráði Framkvæmdabankans eiga sæti fimm menn:

1. Skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins.
2. Einn maður tilnefndur af stjórn seðlabankans.
3. Þrír menn kosnir hlutfallskosningu af Alþingi.

Fjórir hinir síðasttöldu skulu valdir til sex ára í senn. Fulltrúi seðlabankans skal þó í fyrsta sinn valinn til þriggja ára.

Fjármálaráðherra skipar varamann fyrir skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins. Aðrir varamenn skulu valdir af sömu aðilum og aðalmenn og til sama tíma. Bankaráð kys sér formann og varaformann.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

15. gr.

Bankaráð heldur að jafnaði fundi einu sinni í mánuði, en skylt er formanni að boða til aukafundar, ef tveir eða fleiri bankaráðsmenn æskja þess.

16. gr.

Bankaráð hefur umsjón með starfsemi bankans. Það tekur, að fengnum tillögum bankastjóra, ákvörðun um lánveitingar og lántökur, svo og um kaup og sölu skuldabréfa og hlutabréfa. Bankaráð getur þó falið bankastjóra að taka slíkar ákvarðanir. Bankaráð ákveður útlánsvesti og önnur lánskjör, að fengnum tillögum bankastjóra.

Bankastjóri semur rekstraráætlun fyrir hvert reikningsár og leggur hana fyrir bankaráð til samþykktar.

Bankastjóri semur árlega skýrslu um starfsemi bankans, eigi síðar en þrem mánuðum eftir lok reikningsárs, og skal hún send ríkisstjórninni, er bankaráð hefur fallið á hana.

17. gr.

Bankaráð ræður bankastjóra og ákveður laun hans. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur skal vera sex mánuðir. Þó getur bankaráð sagt bankastjóra upp starfi fyrirvaralaust, en þá skulu honum greidd ein mánaðarlaun fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem hann hefur gegnt störfum, nema hann hafi brotið af sér í starfi sínu. Greiðsla þessi skal þó aldrei vera lægri en sem svarar sex mánaða launum, né hærri en sem svarar eins árs launum. Nú vikur bankastjóri úr starfi vegna uppsagnar og skal þá greinargerð fylgja uppsögninni.

Bankastjóri skal hafa þá reynslu og þekkingu á fjármálum og atvinnumálum, sem geri hann sérstaklega hæfan til starfsins.

18. gr.

Bankastjóri sér um daglegan rekstur bankans og stjórnar honum, nema að því leyti sem stjórnin er sérstaklega falin bankaráði samkvæmt 16. grein. Hann ræður starfsfólk bankans í samræmi við rekstraráætlun þá, sem gera ber samkvæmt sömu grein.

Bankastjóri skal láta bankaráði mánaðarlega í té skýrslu um starfsemi bankans. Tillögur, sem bankastjóri leggur fyrir bankaráð, skulu rökstuddar skriflega.

19. gr.

Reikningsár bankans er almanaksárið. Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, skipuðum af fjármálaráðherra. Endurskoðandi skilar skýrslu sinni til ráðherra og bankaráðs.

Ársreikningur bankans, með áritun endurskoðanda, skal birtur í ársskýrslu bankans ásamt skýringum.

20. gr.

Seðlabankinn annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann gegn hæfilegri þóknun.

21. gr.

Framkvæmdabankinn skal í starfsemi sinni hafa nána samvinnu við þá opinbera aðila aðra, sem hafa fjárfestingarmál með höndum.

22. gr.

Framkvæmdabankinn nýtur þeirra sérréttinda, sem Landsbanka Íslands eru veitt í 53.—57. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, svo og í 58. gr. 2. málsg. sömu laga.

Verja má fé ómyndugra, svo og opinberra sjóða og stofnana, til kaupa á skuldabréfum Framkvæmdabankans.

23. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum bankaráðs, að gefa út reglugerð samkvæmt lögum þessum, þar sem nánar sé kveðið á um starfsemi bankans.

24. gr.

Framkvæmdabankinn tekur til starfa 1. janúar 1953.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hafa verið miklar verklegar framkvæmdir í landinu. Alls staðar blasa samt við óunnin verkefni og ónotuð náttúrugæði. Fjármagn innanlands er af skörum skammti og höfum við því orðið að leita eftir erlendu fjármagni til stærstu framkvæmdanna.

Erlendir aðilar, sem lána fé til framkvæmda, lána helzt ekki nema sem svarar hinum beina erlenda kostnaði, en hann er andvirði þess efnis, véla og verkfræðisþjónustu, sem kaupa þarf erlendis. Fjáröflun innanlands fyrir öðrum stofnkostnaði verður því sífellt þýðingarmeiri, jafnvel þótt erlend lán fáist til framkvæmdanna. Við stöndum því andspænis því mikla vandamáli, að afla fjár innanlands til margháttaðra framkvæmda, jafnvel þótt nokkur lán kunni að fást erlendis.

Það sem mestu varðar fyrir fjáröflun innanlands er varanlegt jafnvægi í peningamálunum, svo verðgildi peninganna haldist sem stöðugast, og menn vilji geyma fé sitt í innstæðum, skuldabréfum og þess háttar verðmætum.

Þá verður einnig að teljast vænlegt til bóta að koma á sem öruggastri forystu í fjáröflunarmálunum. Engin stofnun er í landinu, sem sérstaklega er ætlað það hlutverk að hafa forgöngu um söfnun fjár innanlands, sem hægt væri að binda til langs tíma, og þar með forystu um fjáröflunarhlið fjárfestingarmálanna.

Ríkisstjórnin hefur sannfærzt um, að ástæða er til að gera nýtt átak í þessum málum með stofnun sérstaks banka, fjárfestingarbanka, er hafi þessi mál með höndum, útvegi fé og miðli fé til fjárfestingarstarfseminnar. Hér er um svo þýðingarmikið og sérstakt hlutverk að ræða, að ekki er hægt að blanda því saman við önnur verk, og ekki er hægt að fela það neinni stofnun, sem fyrir er, án þess að valda truflun.

Á undanförnum árum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi, að nauðsynlegt sé að samræma framkvæmdir í atvinnulífinu sem mest. Þetta á einkum við um þær framkvæmdir, sem ríkið stendur að. Í þessu skyni meðal annars var fjárhagsráð stofnað. Æskilegt er, að í landinu sé stofnun, sem hefur yfirlit yfir fjárfestinguna og lætur hana sérstaklega til sín taka.

Framkvæmdabankanum er ætlað það hlutverk að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í fjárfestingarmálum. Bankanum er ekki ætlað að reyna að ráða eða stjórna

fjárfestingunni í smáatriðum, á sama hátt og fjárhagsráð gerir. Honum er ætlað að stuðla að því, að framkvæmdir ríkisins og aðgerðir í fjárfestingarmálum séu í sem beztu samræmi við þjóðarhag. Þetta hlutverk getur bankinn haft með höndum, án þess að um sé að ræða almenn höft á fjárfestingunni.

Það er eðlilegt að þessi stofnun fái sem stofnfé og starfsfé það fé Mótvirðissjóðs, sem tækt er eða tækt verður til útlána. Menn óska þess að sjálfsögðu, að fé Mótvirðissjóðs haldi áfram að vera lyftistöng fyrir atvinnulíf þjóðarinnar í framtíðinni. Þau fyrirtæki, sem njóta fjárins í fyrstu umferð, munu endurgreiða það á sínum tíma. Féð er því hægt að nota í framtíðinni til nýrra framkvæmda.

Þótt talsvert fé hafi verið tekið úr Mótvirðissjóði til þess að greiða með kostnað við virkjanirnar tvær við Sog og Laxá og byggingu Áburðarverksmiðjunnar, þá hefur meiri hluti fjárins óbeint verið notaður þannig, að bankarnir hafa aukið útlán sín. Frá því í árslok 1949 og til septemberloka 1952 nam aukning útlánanna 542 milljónum króna (úr 904 í 1.446 millj. kr.). Í septemberlok 1952 nam Mótvirðissjóðurinn 224 millj. kr. Verður nánar rætt um þetta atriði síðar.

Gert er ráð fyrir, að erlend lán yrðu einkum tekin til framkvæmda. Mundu þau þá vera í verkahring þessa banka, og hann því taka þau. Þess má geta, að á síðustu árum hafa í náinni samvinnu við Alþjóðabankann risið upp bankar svipaðs eðlis í öðrum löndum. Ástæða þessarar samvinnu er meðal annars sú, að óhægt er fyrir stofnun eins og Alþjóðabankann, að lána fé í framkvæmdir, sem á hans mælikvarða eru smávaxnar, eins og t. d. flestar framkvæmdir í landbúnaði. Kýs hann því heldur að lána slíkt fé fyrir milligöngu stofnunar, sem getur rækt það hlutverk, sem Alþjóðabankinn annars telur sig eiga að rækja gagnvart lántakanda. Er hér einkum átt við það, að Alþjóðabankinn setur nokkur skilyrði fyrir lánunum sínum, til tryggingar því, að þau komi að sem beztum notum þeirri þjóð, sem lánin tekur.

Frumvarp það, sem hér fer á eftir, er í meginatriðum eins og frumvarp, sem bankamálanefnd hefur samið um þetta mál og skilað til ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið er í meginatriðum í samræmi við tillögur, sem samdar voru af erlendum sérfræðingi, og nefndin hafði til hliðsjónar í starfi sínu. Samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar sendi Alþjóðabankinn hingað til lands gjaldkera sinn, Hr. D. Crena de Longh, hollenzkan mann. Dvaldi hann hér um skeið haustið 1951, og skilaði álit dags. 26. nóv. 1951.

#### Um 1. gr.

Grein þessi hefur þegar verið skýrð hér að framan. Nafnið er valið með hliðsjón af tilgangi bankans.

#### Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um tilgang bankans. Hann er sá að efla atvinnulífið með því að veita fé til arðbærra framkvæmda, þ. e. hann á ekki að starfa sem styrktarstofnun.

Sérstök athygli skal vakin á því, að bankinn á að hafa það sem höfuðsjónarmið að stuðla að auknum afköstum í hvers konar framleiðslu.

#### Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um stofnfé bankans. Er það fengið á tvennan hátt. Bankanum eru afhent til eignar skuldabréf fyrir lánunum, er veitt voru úr Mótvirðissjóði að fjárhæð kr. 95 000 000. Enn fremur fær bankinn hlutabréf, sem ríkið á í þrem fyrirtækjum, Eimskipafélagi Íslands h.f., Raftækjaverksmiðjunni h.f. og Áburðarverksmiðjunni h.f. Ríkissjóður á hlutabréf í fleiri fyrirtækjum, en að svo stöddu hefur nefndin ekki talið ástæðu til, að þau hlutabréf verði afhent bankanum. Honum er óheimilt að selja þessi hlutabréf til þess að auka handbært fé sitt, nema með samþykki Alþingis.

Loks er gert ráð fyrir því, að Alþingi auki stofnfé bankans, og er þar í rauninni aðeins um ábendingu að ræða, enda er Framkvæmdabankinn réttur aðili til að ráðstafa fé, sem ríkið vill lána til eflingar atvinnulífinu.

#### Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein afhendir ríkissjóður Framkvæmdabankanum Mótvirðissjóðinn til vörzlu og notkunar í starfsemi sinni. Síðar mun hér við bætast það fé, sem á eftir að renna í Mótvirðissjóð.

Af flutningi Mótvirðissjóðs í Framkvæmdabankann leiðir, að lán bankans af þessu fé eru raunverulega lán úr Mótvirðissjóði. Beinast hefði legið við, að Mótvirðissjóður hefði verið afhentur Framkvæmdabankanum sem stofnfé, á sama hátt og verðbréf þau, sem um getur í 3. gr., en til þess að það geti orðið þarf samninga milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna.

Þær 50 milljónir, sem Alþingi hefur heimilað ríkisstjórninni að verja til greiðslu ríkisskulda, eru enn í Mótvirðissjóði og flytjast með honum að forminu til í Framkvæmdabankann, án þess þó að verða eign hans eða starfsfé. Er þá að sjálfsgöngu gert ráð fyrir, að ríkissjóður njóti vaxtajöfnunar vegna þessarar fjárhæðar, unz henni verður endanlega ráðstafað.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að nota þurfi enn fé úr Mótvirðissjóði til kaupa á skuldabréfum Sogsvirkjunarinnar, Laxárvirkjunarinnar og Áburðarverksmiðjunnar h.f. Fé það, sem nú er í Mótvirðissjóði, annað en þær 50 milljónir króna, sem heimilt er að nota til greiðslu ríkisskulda, og það fé, sem verður lánað til þeirra, skal bundið á sérreikningi í seðlabankanum. Framkvæmdabankanum er samt leyft að flytja þessa innstæðu á 25 árum á viðskiptareikning sinn, og nota í starfsemi sinni. Útlán Landsbankans hafa aukizt um 492 milljónir króna frá því í árslok 1948 þangað til í júlilok 1952. Af þeirri upphæð nema útlán seðlabankans 448 milljónum króna (af þessari aukningu nema endurkeyptir vixlar og lán til sparisjóðsdeildarinnar 195 millj. kr., sem seðlabankinn fær vexti af jafnt og öðrum lánnum). Eignir Landsbankans hafa því á undanförunum árum aukizt miklu meir en sem svarar Mótvirðissjóðnum. Bankinn ætti þess vegna að mega vel við því að endurgreiða sjóðinn á 25 árum.

Menn munu almennt þeirrar skoðunar, að Mótvirðissjóð skuli lána til framkvæmda. Hins vegar má ekki nota fé þetta á þann hátt, að það hafi verðbólguáhrif. Þess vegna er gert ráð fyrir, að innstæðan í seðlabankanum verði bundin á þann hátt, sem að framan greinir. Afborganirnar miðast við það, að seðlabankinn muni smám saman fá lán sín endurgreidd, þannig að greiðsla hans til Framkvæmdabankans þurfi ekki að hafa verðbólguáhrif. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að bankinn hafi lánað féð til arðbærra nota, að hann fái vexti af lánunum og geti því svarað vöxtum af fénu til Framkvæmdabankans.

Talsverð óvissa ríkir um það, hve mikið fé muni verða á hinum bundna reikningi í árslok 1952. Að öllu óbreyttu mundi það verða kringum 130 000 000 króna. Af þeirri upphæð ætti seðlabankinn að greiða Framkvæmdabankanum 1. janúar 1953 5 200 000 krónur. Í ársbyrjun 1954 mundi Framkvæmdabankinn, auk nýrrar ársgreiðslu, fá greidda vexti af innstæðunni. Þessa vaxtagreiðslu innir seðlabankinn af höndum með þeim vöxtum, sem hann fær af útlánnum sínum.

Tilgangur þessara ákvæða er, að Mótvirðissjóðurinn verði notaður til þess að efla atvinnulíf þjóðarinnar, en án þess þó, að það hafi ný verðbólguáhrif. Aukin verðbólga mundi auðvitað smám saman rýra fé Framkvæmdabankans, sem og aðra sjóði, og um leið grafa undan trausti manna á peningunum, þannig að sparifjársofnun minnkaði enn eða jafnvel stöðvaðist. Framtíð Framkvæmdabankans og skilyrði hans til þess að stuðla að framförum í atvinnulífinu eru hins vegar komin undir því, að hægt sé að fá fé innanlands til nauðsynlegra framkvæmda. En eitt helzta skilyrði þess er, að verðgildi peninganna sé sem stöðugast.

Það liggur í hlutarins eðli, að til þess að geta staðið í skilum við Framkvæmdabankann verður seðlabankinn að fá vexti af útlánnum sínum, og ætti því að falla niður vaxtaívilnun sú, sem ríkissjóður hefur notið vegna Mótvirðissjóðs, nema að því er tekur til hinna 50 milljóna króna, sem standa eiga á skuldareikningi, og sem flytjast eiga að forminu til yfir í Framkvæmdabankann. Enn fremur er mikilvægt,

að stofnlánadeild sjávarútvegsins greiði skuldir sínar við seðlabankann, eins og lög mæla fyrir um. Á hinn bóginn ætti ekki að verða sótt eins fast eftir lánum úr seðlabankanum til framkvæmda, þegar Framkvæmdabankinn hefur tekið til starfa.

Niðurlagsákvæði þessarar greinar eru eingöngu um bókhaldsatriði. Tilgangur þess er, að Mótvirðissjóðurinn komi glögg fram í bókum bankans. Gera má ráð fyrir, að áður en langur tími líður, fái Framkvæmdabankinn Mótvirðissjóðinn til fullrar eignar, og yrði þá grein þessari breytt samkvæmt því.

#### Um 5. gr.

Sjálfsgaetningu þykir, að bankinn fái sjálfur til ráðstöfunar allan tekjuafgang, sem verður af starfsemi hans. Enn fremur þykir rétt að undanþiggja hann opinberum gjöldum. Hann nýtur því að þessu leyti sams konar hlunninda hjá ríki og sveitarfélagi og bankar þeir, sem fyrir eru.

#### Um 6. gr.

Ætlað er til, að seðlabankinn annist dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann og að hann sjálfur hafi sem minnst starfslið. Framkvæmdabankanum er ætlað að hafa aðalviðskiptareikning sinn í seðlabankanum. En hins vegar er Framkvæmdabankanum bannað að taka lán hjá honum, þar sem ekki er talið heilbriggt, að seðlabankar veiti lán til fjárfestingar undir venjulegum kringumstæðum.

#### Um 7. gr.

Þessi grein kveður á um verksvið bankans. Framkvæmdabankanum er ætlað að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í fjárfestingarmálum. Honum er heimilað að kaupa skuldabréf og hlutabréf og verzla með þau, og enn fremur að gefa út eigin skuldabréf og taka lán erlendis. Honum er ætlað að styðja einkaaðila, sem ráðast í framkvæmdir. Þá er honum ætlað að stuðla að því, að lagt sé út á nýjar brautir í atvinnumálum. Þó að bankinn eigi fyrst og fremst að verja fé sínu þannig, að hann fái sem öruggustan arð af því, hlýtur hann einnig að taka á sig nokkra áhættu, þegar um nýjungar er að ræða, ef framkvæmdirnar teljast geta haft framtíðarþýðingu fyrir þjóðarhúsið.

#### Um 8. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við yfirlýsttan vilja Alþingis, í þingsályktun, sem samþykkt var hinn 17. janúar 1952, svo hljóðandi:

#### Þingsályktun um ráðstöfun á Mótvirðissjóði.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að Mótvirðissjóði verði, þegar fé hans er tiltækt til slíkrar ráðstöfunar, varið til lánastarfsemi að hálfu í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kaupstúnum.

#### Um 9. gr.

Með tilliti til þess hlutverks, sem bankanum er ætlað að inna af hendi, er nauðsynlegt, að hann geti aflað sér viðbótarfjár. Það er því mikilvægt, að hann njóti almenns trausts. Þykir því eðlilegt, að ríkið ábyrgist skuldbindingar hans. Ábyrgð þessi er ótakmörkuð, að því er tekur til innlendra skuldbindinga. Hins vegar þykir rétt að takmarka heimild fjármálaráðherra til þess að ábyrgjast erlendar skuldbindingar bankans á hverjum tíma. Verður að telja eftir atvikum eðlilegt, að ábyrgðarupphæðin verði fyrst ákveðin 100 milljónir króna. Tilætlunin er sú, að Alþingi breyti hámarkinu við og við, þannig að það torveldi ekki heilbrigða starfsemi bankans.

#### Um 10. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því, að innlendir lántakar beri það tjón og hljóti þann hagnað, sem leiða kann af gengisbreytingum. Litið er svo á, að þeir njóti nægilegra

hlunninda með því að fá fé til framkvæmda á undan öðrum, þótt því fylgi umrædd áhætta.

Ef gengi krónunnar er lækkað, verður aðili, sem fengið hefur lán hjá bankanum af andvirði erlends láns, að greiða hlutfallslega fleiri krónur en áður í vexti og afborganir. En í því sambandi er þess að gæta, að af gengislækkun leiðir ávallt hækkun á útflutningsverði og sömuleiðis verðhækkun innanlands, ef hún er þá ekki orðin áður. Þetta ákvæði þarf því engan veginn að auka raunverulega skuldaþyrði lántakenda.

#### Um 11. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður geti falið Framkvæmdabankanum að annast fyrir sína hönd innheimtu vaxta og afborgana af lánnum, sem ríkissjóður hefur veitt, og enn fremur að sjá um greiðslur af lánnum, sem ríkissjóður hefur tekið í útlánaskyni. Þá er svo fyrir mælt, að Framkvæmdabankinn taki þegar við innheimtu vaxta og afborgana af þeim lánnum, sem ríkið hefur veitt innanlands af nánar tilteknum erlendum lánnum ríkissjóðs.

Það væri heppilegt, að fjármálaráðuneytið og Framkvæmdabankinn athuguðu í sameiningu, hvort ekki sé hagkvæmt, að Framkvæmdabankinn taki á sama hátt við fleiri lánnum, sem ríkissjóður hefur veitt.

#### Um 12. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að bankinn starfi á almennum viðskiptagrundvelli, en í því felst, að fjárhagsleg og þjóðhagsleg sjónarmið skuli vera alls ráðandi í stjórn hans og rekstri.

Rétt þykir, að lántakendur greiði bankanum lántökugjald, allt að 1% af lánsupphæð, þegar lán eru veitt. Slíkt lántökugjald tíðkast í svipuðum stofnunum hér á landi og annars staðar.

#### Um 13. og 14. gr.

Í þessum greinum er svo kveðið á, að fimm manna bankaráð og bankastjóri fari með stjórn bankans.

Sumt af þeim störfum, er Framkvæmdabankinn á að annast, hafa til þessa aðallega verið í höndum fjármálaráðuneytisins, og því eðlilegt, að bankinn heyri undir fjármálaráðuneytið. Af sömu ástæðu þykir eðlilegt, að skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins sé í bankaráðinu.

Stjórn Framkvæmdabankans verður að sjálfsgöðu að haga útlánastefnu sinni á hverjum tíma í samræmi við fjárhagsástandið í landinu og í samræmi við hina almennu stefnu seðlabankans í gjaldeyris- og peningamálum. Þykir því rétt, að í bankaráði Framkvæmdabankans sé einn maður tilnefndur af stjórn seðlabankans til þess að stuðla að því, að starfsemi Framkvæmdabankans sé í samræmi við starfsemi og stefnu seðlabankans. Loks er lagt til, að Alþingi kjósi þrjá bankaráðsmenn hlufallskosningu.

#### Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

#### Um 16. gr.

Samkvæmt þessari grein er bankaráðinu falin umsjón með starfsemi bankans. Bankaráðinu er enn fremur ætlað að taka ákvarðanir um lánveitingar og lántökur, en það getur þó falið bankastjóra að taka slíkar ákvarðanir, eftir því sem ástæða þykir til. Sama gildir um ákvörðun útlánsvaxta og lánskilyrða. Loks er ætlazt til, að bankaráð samþykki rekstraráætlun og ársskýrslu bankans.

#### Um 17. gr.

Ákvæðin í þessari grein eru í meginatriðum sniðin eftir ákvæðunum um ráðningarkjör bankastjóra Landsbankans.

Um 18. gr.

Rétt þykir að taka af tvímæli um það, að stjórn bankans sé í höndum banka-  
stjórans að svo miklu leyti, sem hún er ekki sérstaklega falin bankaráði samkv.  
16. gr. Þá er í greininni ákvæði um, að bankastjóri skuli láta bankaráði í té mán-  
aðarlega skýrslu um starfsemi bankans, og að hann skuli rökstyðja tillögur sínar  
skriflega.

Um 19. gr.

Þessi grein er um reikninga bankans og endurskoðun þeirra. Í greininni er það  
nýmæli í islenzkri bankalöggjöf, að reikningar Framkvæmdabankans skuli endur-  
skoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Um 20. gr.

Seðlabankanum er í þessari grein falið að annast dagleg afgreiðslustörf fyrir  
Framkvæmdabankann, og er það gert í sparnaðarskyni. Þau störf, sem hér eru  
höfð í huga, eru aðallega gjaldkera- og innheimtustörf og bókhald í sambandi við  
þau. Fer þetta á engan hátt í bága við stöðu Framkvæmdabankans sem sjálfstæðrar  
stofnunar með eigin stjórn.

Um 21. gr.

Sjálfsgagt er, að Framkvæmdabankinn hafi sem nánasta samvinnu við aðra  
opinbera aðila, sem hafa fjárfestingarmál með höndum, þar eð slíkt er í samræmi  
við tilgang bankans.

Um 22. gr.

Samkvæmt þessari grein yrðu Framkvæmdabankanum veitt svipuð sérréttindi  
og aðrir bankar njóta nú að lögum.

Um 23. gr.

Gera má ráð fyrir, að nauðsynlegt verði að kveða nánar á um starfsemi bank-  
ans en gert er í frumvarpinu. Er því lagt til, að fjármálaráðherra sé heimilað að  
gefa út reglugerð um bankann að fengnum tillögum bankaráðs.

Um 24. gr.

Af ýmsum ástæðum er æskilegt, að bankinn taki til starfa svo fljótt sem verða  
má, og er því ákveðið svo í þessari grein, að hann skuli hefja starfsemi sína 1.  
janúar 1953.